

## 2. fundur skólaráðs skólaárið 2020-2021 - 25. nóvember kl. 14:10

Mættir: Þorgeir Rúnar Finnsson, Svala Fanney Njálisdóttir, Hermann Gunnar Jónsson, Heiða Björk Pétursdóttir, Elmar Ingi Gunnþórsson, Karen Fatima Róbertsdóttir, Birgir Már Birgisson og Sigurður Baldur Þorsteinsson. Hólmfríður Björnsdóttir var forfölluð.

Fundarstjóri: Þorgeir Rúnar Finnsson

Fundarritari: Svala Fanney Njálisdóttir

Fundur haldinn í fjarfundarformi í gegnum Google Meet vegna samkomutakmarkana.

Fulltrúar ráðsins sem læra og starfa í skólanum hittust þar en fulltrúar utan skólans mættu á Google Meet.

### 1. Fjárhagsáætlun Grenivíkurskóla 2021

Í grófum dráttum er fjárhagsáætlun mjög lítið breytt frá fyrra ári fyrir utan hækkun á launalið vegna kjarasamningsbundinna launahækkana. Ætlum að reyna að kroppa í einhver tækjakaup. Breytti miklu að fá styrk frá Sænesi til að geta iÞadvætt skólann. Engar athugasemdir við fjárhagsáætlun.

### 2. Skólanámskrá, umræður

Covid hefur sett strik í reikninginn með þessa vinnu, fyrst og fremst kafli um námsmat og hæfniviðmið sem þarf að endurskoða. Var sendur fulltrúum skólaráðs til yfirlestrar. Engar athugasemdir eða spurningar.

### 3. Fyrirhugaðar framkvæmdir

Hér setur covid líka strik í reikninginn. Skólastjóri er búinn að koma skoðunum skólaráðs varðandi útisvæði á framfæri við sveitarstjóra og ósk um að færa það frammar í forgangsröðina. Ekki vitað hvort eða hvenær verður af því. Fulltrúar hvattir til að koma með hugmyndir að framkvæmdum ef að þeim þykir þörf á. Rætt um að skólalóðin sé barn síns tíma, hún sé illa tækjum búin og þurfi að gera eitthvað í því. Þetta þarf að skoða í samhengi við fjárhagsstöðu ofl.

### 4. Grænfáninn og Heilsueflandi skóli

Ákveðið var að glæða þessa vinnu meira lífi, kennarahópnum var skipt í tvo hópa en sú vinna hefur verið á ís undanfarið „út af dottlu“. Búið er að velja umhverfisnefnd úr hópi nemenda og verður sú vinna keyrð í gang þegar færi gefst á.

### 5. Önnur mál

- a. **Covid:** Skólastarf hefur að mestu leyti verið óbreytt. Við haldið fókusnum á að halda utan um nemendur og gera hlutina eins þægilega og aðstæður bjóða upp á hverju sinni. Bíðum spennt eftir næstu tilslökunum.
- b. Næsti fundur skólaráðs er í febrúar, fulltrúar í ráðinu hvattir til að koma með mál á dagskrá ef þeim þykir tilefni til.

Fundi slitið kl. 14:27